

Ræða Ágústar Einarssonar, rektors Háskólans á Bifröst,  
á aðalfundi Bandalags íslenskra listamanna í  
Landnámssetrinu í Borgarnesi 20. janúar 2007

## **Hvers vegna á að styðja við listir út frá hagrænu sjónarmiði?**

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Yfirskrift erindis míns „Hvers vegna á að styðja við listir út frá hagrænu sjónarmiði?“ leyfir margvíslega nálgun á viðfangsefnið. Ef við tölum um stuðning, þá eigum við við þriðja aðila, opinbera aðila eins og ríki og sveitarfélög annars vegar, og fyrirtæki og einstaklinga hins vegar.

Þetta felur í sér að hægt er að líta á stuðning við listir út frá öðrum sjónarmiðum, t.d. vegna þess að slíkur stuðningur örvar listræna sköpun, bætir tekjur listamanna og leggur skerf til menningarlegs umhverfis og menningarlegrar fjölbreytni. Þannig er hægt að telja til ýmsar röksemdir fyrir því að styðja við list.

Samt er það svo að hagfræðin geymir aðferðafræði sem nær yfir flest þessi sjónarmið. Margir halda að hið hagræna sjónarmið, sem ég mun hér tala um, fjalli aðeins um krónur og aura, setji verðmiða á allt og sé hin kalda efnishyggja sem hafi í reynd ekkert með hina listrænu sköpun að gera þótt gott sé að fá peninginn og að margir sem véla um hið hagræna hafi ekki hundsvit á list. Þetta er misskilningur, ekki óeðlilegur, því misjafn sauður er í þessu fé eins og í fleiri söfnum.

Innan hagfræði er kostnaður mældur í því hverju við fórnun. Ef ég fer á listsýningu les ég ekki bók á sama tíma. Ef ég horfi á kvikmynd er ég ekki í leikhúsi á sama tíma. Ég mæli kostnað við kvikmyndasýninguna í því hversu miklu ég fórna við það að fara ekki í leikhúsið. Ef ég fer seinna í leikhúsið þýðir að ég fórna þá einhverju öðru. Fyrir okkur er tíminn misjafnlega verðmætur. Hver klukkustund hjá Björgólfi Thor er mjög verðmæt því hann gæti verið að gera svo margt ábatasamt.

En við metum ekki aðeins hluti á þessum mælikvarða heldur tölum við innan hagfræðinnar um ytri áhrif. Það eru áhrif sem sérhver gerningur hefur á þriðja aðila, án þess að hann sé beinlínis þátttakandi. Mengun er dæmi um neikvæð, ytri áhrif sem koma t.d. fram í auknum heilbrigðiskostnaði sem lendir á okkur öllum. Menntun er dæmi um jákvæð, ytri áhrif en aukin menntun eykur framleiðslu í hagkerfinu og bætir líf skjör.

Aukin menntun eykur landsframleiðsluna. Landsframleiðsla er leiðindaorð sem þið hafið oft heyrt en það þýðir ekkert annað en sú verðmætasköpun sem verður til í hagkerfinu á einu ári. Þið eruð öll að leggja ykkar skerf til landsframleiðslunnar eða verðmætasköpunarinnar með ykkar vinnu, hvert á sínu sviði.

Jákvæð, ytri áhrif eru líka vegna menningar og sérstaklega vegna listsköpunar. Aukið listrænt starf og umsvif á þeim sviðum sem Bandalag íslenskra listamanna nær yfir hefur jákvæð, ytri áhrif. Þannig bætir listin samfélagið, gerir það öflugra í framleiðslu, t.d. með upplýstari og virkari einstaklingum, og eykur landsframleiðsluna. Listin gerir þó fleira. Hún gerir fólk víðsýnna og umburðarlyndara því listin er alþjóðleg, ekki aðeins fjölþjóðleg.

Listin veldur einnig vellíðan sem við mælum ekki endilega til fjár. Ef við kaupum hljómdisk og njótum hans þá líður okkur vel, oft miklu betur en endurspeglast í því verði sem við greiddum fyrir diskinn. Þetta þekkið þið öll.

Við eigum líka orð yfir þennan aukna ábata innan hagfræðinnar, ábati sem við sem neytendur öðlumst þegar við fáum meira í okkar hlut en við greiddum fyrir. Við köllum þetta neytendaábata og við mælum hann innan hagfræðinnar. Öll hagræn starfsemi miðar að því að hafa þennan neytendaábata sem mestan og reyndar eru framleiðendur einnig með ábata umfram verð sem við lítum líka til.

Til að ná þessu fram er best að samfélög séu sem frjálsum og samskiptum, öflug þekking sé til staðar og stefnt sé að því auka hin jákvæðu, ytri áhrif sem mest auk þess að veita þeim stuðning sem þurfa á honum að halda á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Slík þjóðfélög, og við lifum í einu slíku, hafa búið þegnum sínum bestu lífskjör sem þekkjast í sögu mannsins.

Þið sjáið að hagfræðin er meira en krónur og aurar. Hér er umgjörð sem hentar ykkar hagsmunum ákaflega vel. Ykkar hagsmunir eru vitaskuld að hluta til sérhagsmunir en þeir fara saman við almannahagsmuni. Aukinn stuðningur við listir er því skynsamleg stefna. Sá stuðningur skilar sér fjárhagslega mjög vel til baka og mun meira en kostað er til. Vitaskuld njóta ekki allir eldanna sem fyrstir kveikja þá en þó er betra að einhverjir njóti eldsins frekar en að hann sé alls ekki kveiktur.

Opinberir aðilar sjá líka annan ávinning, t.d. bæta stjórnmalamenn ímynd sína með framgöngu á þessu sviði, einstaklingar og fyrirtæki sömuleiðis og

Það eykur sölu á öðrum vörum. Það er allt í lagi með það, því allur stuðningur kemur ykkur eða kollegum ykkar til góða svo og öðrum í samfélaginu.

Það að við erum sjálfstæð þjóð nú á tímum eigum við aðeins einu að þakka sem er varðveisla tungumálsins sem okkur tókst vegna Íslendingasagnanna. Menningarlegur rætur okkur lágu svo djúpt að við, fámenn þjóð, lifðum af hörmungar fyrri tíma. Við vorum um 50.000 talsins við lok þjóðveldisins á seinni hluta 13. aldar og tæpum 500 árum síðar í byrjun 18. aldar vorum við enn 50.000 talsins og stundum lá við að þurrkuðumst út. Sagan geymir mörg dæmi um þjóðir sem týndust inn í stærri þjóðir vegna þess að menningarlegar rætur þeirra rofnuðu.

Menningin skilar um 5% til landsframleiðslunnar, fjórfalt meira en landbúnaður og mun meira en stóriðjan. Listamenn eiga um helming af þessu en allt fléttast þetta saman og við skulum ekki einangra einstakar atvinnugreinar um of. Það eru þúsundir manna sem hafa fulla atvinnu af listsköpun, við skrif, leiklist, myndlist, tónlist, kvikmyndagerð, arkitektúr, listdans og svo framvegis.

Félagar í Bandalagi íslenskra listamanna eru mörg þúsund talsins og það er fjöldi annarra starfa sem fylgir listsköpun. Ekki gæfu rithöfundar mikið út ef prentiðnaðurinn og allt það fólk sem þar vinnur væri ekki til staðar. Ætli það væri mikill tónlistarflutningur eða margar leiksýningar ef ekki væru til rafvirkjar og aðrir tæknimenn? Þið eruð hjól, reyndar býsna stórt hjól, í flókinni vél hagkerfisins. En hjólið eitt og sér án tengingar við annað er ekkert. Þá er það gagnslaust og án allra áhrifa á nokkurn handa máta.

Innan hagfræðinnar erum við um þessar mundir að ganga skrefinu lengra, Við tölum ekki aðeins um listir sem eru hluti menningar og við tölum ekki aðeins um menningu heldur núna einkum um skapandi atvinnugreinar. Með því eigum við við alla þá hagrænu starfsemi sem byggir á skapandi hugsun. Þetta eru atvinnugreinar eins og listræn starfsemi, fjölmiðlun, prentiðnaður, ráðandi stjórnunarstörf, hönnun, vísindi og rannsóknir, tíska og fleira. Listgreinar eru þarna vitaskuld í fremstu röð en hér eru fleiri atvinnugreinar.

Skapandi atvinnugreinar, sem eru atvinnuvegir framtíðarinnar, eiga sér rætur í list og annarri menningarlegri starfsemi. Nú er um fjórðungur af öllum störfum á vinnumarkaði í skapandi atvinnugreinum. Það er núna að eiga sér stað atvinnuháttabylting með nýjum verkfærum, tölvunni og Netinu. Þið listamenn vinnið nær ekkert án tölvunnar og Netsins, hvað þá allir hinir.

Almenningur sýnir menningu hér áhuga, þótt skilningur stjórnámálanna mætti vera meiri og fáir þeirra vita um hina hagrænu sýn og umgjörð sem ég hef lýst hér. Auðvitað er líka falskt spilað í stöku lagi en við erum þó með meira áhorf á listviðburði og framleiðum listaverk hlutfallslega í miklu meira mæli en aðrar þjóðar. Við verjum líka miklu til menningarmála af opinberri hálfu, mun meira en aðrar þjóðir, þótt alltaf megi deila um skiptinguna.

Til að list og menning blómgist þarf að hafa ýmislegt sem aðrir hafa ekki í sama mæli. Rithöfundar nútímans hafa skrif forfeðranna sem mikilvægan þátt, tónlistarmenn búa við góða menntun á alþjóðlega vísu og góða innlenda tónlistarskóla. Kvikmyndagerðarfólk er vel menntað, sýnir fagleg og praktísk vinnubrögð, býr við sérstaka náttúru og vaxandi eftirspurn eftir myndefni. Þarna eru styrkleikar sem eigum að hlúa að. Það á alltaf að byggja á hinu sérstaka til að ná fullkomnun. Íslenskt umhverfi býður upp á margt gott í listsköpun en þetta er alþjóðleg starfsemi og það eru alþjóðleg viðmið sem gilda.

Nútímamaðurinn hefur búið jörðinni í meira en 100.000 ár og í skipulögðum þjóðfélögum í um 12.000 ár. Fyrstu 11.750 árin kepptist maðurinn við að hafa í sig og á, reyna að lifa af og fjölga sér nægjanlega. Listir voru þó skammt undan, í myndum, listmunum, tónlist og fleiru. Listsköpun hefur fylgt manningnum lengur en flest annað og þörfin fyrir list er nálægt hinum lífsnauðsynlegu verkefnum að afla sér fæðu og halda á sér hita til að geta lifað.

Fyrir um 250 árum eða upp úr 1750 gerðust merkilegir hlutir. Þá gerbreyttist samfélag manna. Þá hófst iðnbyltingin og önnur orka en vöðvaorka varð ráðandi þáttur í umhverfi mannsins. Fram að því hafði vöðvaorka manna og dýra verið nær eina orkan í samfélagi mannsins. Aðalatvinnuvegurinn var landbúnaður og önnur frumframleiðsla, eins og fiskveiðar og námugróftur.

Eftir 1750 varð utanaðkomandi orka lykilatriðið. Frumframleiðslan varð hlutfallslega mun minni en áður, iðnaðarsamfélagið tók völdin á 19. öldinni og á 20. öldinni tók þjónustusamfélagið við sem ráðandi atvinnuvegur. Á 21. öldinni verður framleiðsla innan skapandi atvinnugreina í forgrunni. Það er hægt að velta því fyrir sér hvort orkan hafi haft jafnmikil áhrif í samfélagi mannsins og syndin í hinu sama samfélagi endur fyrir löngu.

Hlutverk listarinnar núna er miklu meira en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Ef við eigum að lifa á jörðinni búandi við vaxandi umhverfisvandmál og mikla fólksfjölgun verðum við að hugsa öðruvísi.

Fyrir 2000 árum við fæðingu Krists var íbúafjöldi jarðarinnar 130 milljónir, um 1900 fyrir rúmum 100 árum lifðu 1,3 milljarður manna á jörðinni, núna árið 2007 eru það 6,6 milljarðar manna og eftir 18 ár eða 2025 verða það 8,6 milljarðar manna. Nú svelta um 20% mannkyns heilu hungri eða yfir 1,5 milljarður manns.

Hvað kemur þetta hagrænum sjónarmiðum um stuðning við listir við? Mikið og meira en mikið. Í listinni er fólgin lykullinn að lausnum á vandamálum nútímans og framtíðarinnar. Við getum ekki vænst framtíðar nema við sýnum umburðarlyndi, víðsýni, samkennd og skapandi hugsun.

Annars fer fyrir okkur eins og hinn heimsþekkti vísindamaður Enrico Fermi spáði. Hann sagði að sérhvert samfélag tortími sjálfu sér með aukinni tæknivæðingu og ekkert geti komið í veg fyrir það. Þetta sé ástæðan fyrir því að við höfum aldrei getað greint neitt þróað líf í geimnum. Það er býsna margt sem bendir til þess að maðurinn muni gera jörðina óbyggilega á næstu 100 til 200 árum eða jafnvel fyrr. Hvort sem þessi kenning er rétt eða að fjarlægðir alheimsins séu svo miklar að við náum aldrei sambandi við aðra eða aðrir við okkur, skal hér ósagt látið en hlutverk menningar í hinni nýju heimssýn er lykilatriði.

Listir og önnur menning, líka trúarbrögð, eru í eðli sínu friðsæl og vilja yfirleitt vel. Það eru þau viðhorf sem þurfa að ráða en ekki hroki, öfund, reiði, leti, græðgi, ofát og siðblinda. Þessi upptalning eru hinar svokölluðu sjö dauðasyndir en eins og Tómas frá Aquino sagði ber ekki að skilja þær þannig að þær leiði bókstaflega til dauða heldur sýna þær hvernig við eigum að hegða okkur.

Þótt listin sé í eðli sínu friðsöm er hún alltaf að leita að rými fyrir sig og þá sem hana stunda og hún er áhrifarík. Þannig er það ekki tilviljun að fyrsta verk allra einræðisherra sögunnar er að banna eða takmarka vinnu listamanna, eins og rithöfunda, listmálara, tónlistarmanna og fleiri því listin verður eðli málsins samkvæmt að vera frjáls.

Listsköpun er ekki einkamál þeirra sem skapa hana. Hún er ekki einkamál ykkar, ekki einkamál stjórnvalda eða jafnvel ekki einkamál almennings. Hún er það sem við innan hagfræðinnar köllum almannagæði og meira að segja alþjóðleg almannagæði. Þið sjáið að hagfræðin veitir fleiri svör en ykkur óraði fyrir.

Góðir áheyrendur

Efling listar getur gerst með ýmsum hætti. Eflum skólastarf til þess að auka þekkingu fólks á list og menningu til þess að það verði móttækilegra fyrir hinum jákvæðu, ytri áhrifum. Meiri listmenntun undirbýr einnig þær þúsundir og tugþúsundir ungmenna sem munu starfa á þessu sviði í framtíðinni.

Vitaskuld þarf skattfríðindi vegna framlaga einstaklinga og fyrirtækja til þess að byggja brýr milli listamanna og athafnamanna. Slík löggjöf er í mörgum löndum og hefur reynst vel en hefur því miður ekki verið lögleidd héraendis.

Við eigum að auka opinbera styrki til listamanna því þetta eru ekki styrkir heldur arðbær fjárfesting til framtíðar. Pétur Gunnarsson formaður Rithöfundasambandsins hefur einmitt vakið athygli á því að framlög til rithöfunda hafa staðið í stað í mörg ár. Þetta er ósvinna og þetta er líka óskynsamlegt. Við eigum að hætta að tala um framlög og styrki heldur tala um fjárfestingar í ritverkum, tónlist, myndlist, kvikmyndum og leiklist því þetta snýst um arðbærar fjárfestingar.

Fjárfesting í listum, menningu og skapandi atvinnugreinum, m.a. með aukinni menntun skilar góðum fjárhagslegum ávinningi en einnig vellíðan og bættu samfélagi okkur öllum til heilla og við mælum það ekki alltaf í krónum og aukum. Þetta snýst um hin gömlu sannindi að maður er manns gaman og enginn er eyland.

Samstaða og samvinna er þó ekki lengur æskileg heldur lífsnauðsynleg, ekki hvað síst gagnvart börnum okkar og barnabörnum. Hér getur listin vísað veginn eins og hún hefur margoft gert í sögu mannsins. Munurinn núna og áður er að nú er enginn til að vísa þennan veg nema menningarleg hugmyndafræði.

Áður fyrr gátu ný lönd, nýjar auðlindir og önnur verðmæti jarðarinnar og meiri tækni skilað okkur fram á við. Það á ekki við lengur. Núna þarf nýja, frjóa, skapandi og friðsæla hugsun til að tryggja framtíðina. Listin miðlar þessari hugsun ef við viljum taka á móti boðskap hennar.

Þakka ykkur fyrir